



## Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 6.6.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **USK - Nauthólvík - breyting á deiliskipulagi - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. maí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 29. maí 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólvíkur vegna breytingar á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færst út af deiliskipulagssvæðinu, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja til að málinu verði frestað. Frestunartillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins. Borgarráðsfulltrúi Sósíalistafloks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólvíkur. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi Nauthólvíkur er furðuleg í ljósi þess að enn hefur ekki verið lokið við endurskoðun samgöngusáttmála og óvissa ríkir um framhaldið. Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að öryggisgirðing flugvallarins verði færð en með því er enn þrengt að Reykjavíkurflugvelli. Málinu er nú vísað í lögbundið samráðsferli og verður mikilvægt að fá í því ferli fram sjónarmið hagaðila flugvallarsvæðisins og annarra hagaðila á svæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Með tillögunni er verið að aðlaga gildandi deiliskipulag Nauthólvíkur að fyrirhugaðri legu Borgarlínu þrátt fyrir að enn hefur ekki verið lokið við endurskoðun á samgöngusáttmála. Óvissa ríkir um málið í heild því eftir endurskoðun getur þess vegna verið uppi önnur staða. Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að öryggisgirðing flugvallarins verði færð en með því er enn þrengt að Reykjavíkurflugvelli. Nú þarf allt skipulag að taka mið af flugvellinum og með því hefur möguleikum á annars konar byggðapróun verið spillt. Fari flugvöllurinn eru sem dæmi ekki sömu takmarkanir á hæð bygginga eða öryggisgirðingar svo eitthvað sé nefnt.

Helga Björk Laxdal  
e.u.